



Börn og skilnaðir

Áhrif skilnaðar á börn og leiðir til úrbóta

Margrét Arnbjörg Valsdóttir

**Lokaverkefni til BA-gráðu í félagsráðgjöf
Háskóli Íslands
Félagsvísindasvið**



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Börn og skilnaðir
Áhrif skilnaðar á börn og leiðir til úrbóta

Margrét Arnbjörg Valsdóttir

180480-5369

Lokaverkefni til BA-gráðu í félagsráðgjöf

Leiðbeinandi: Hrefna Ólafsdóttir

Félagsráðgjafardeild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2012

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA gráðu í félagsráðgjöf og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Margrét Arnbjörg Valsdóttir, 2012

Prentun: Háskólaprent
Reykjavík, Ísland, 2012

Útdráttur

Þessi ritgerð er lokaverkefni til BA-gráðu í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands. Fjallað verður um skilnaði foreldra og áhrif þeirra á börn. Fjöldi rannsókna hefur sýnt fram á að skilnaður getur haft ýmis neikvæð áhrif á börn. Börn sem eiga frásilda foreldra eru mun líklegri til þess að eiga við sálrænan og félagslegan vanda að etja, svo sem hegðunarvanda og námserfiðleika. Það er ekki einungis skilnaðurinn sjálfur sem hefur neikvæð áhrif á börnin, heldur eru það deilur foreldranna og þær breytingar sem börnin þurfa að takast á við. Skilnaður er mjög erfiður fyrir fólk og gjarnan gleymast börnin þegar foreldrarnir eiga sjálfir í miklum tilfinningalegum erfiðleikum. Tilfinningaerfiðleikar barnanna sitja þá oft á hakanum. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir því hvernig hægt sé að fyrirbyggja þessi neikvæðu áhrif á börnin.

Mikilvægast er að foreldrar vinni saman og hugsi fyrst og fremst um hag og velferð barna sinna. Foreldrar þurfa að leggja deilumál sín til hliðar og huga að tilfinningum barna sinna. Með þessa hugsun að leiðarljósi geta þau unnið að málum barna sinna, deilt með sér forsjá og séð til þess að börnin njóti umgengni við þá báða. Foreldrar þurfa að gæta að því að sem minnstar breytingar verði á högum barnanna eftir skilnaðinn og þegar kemur að samverustundum og flutningum með foreldrum og síðast en ekki síst við stofnun stjúpjölskyldu.

Formáli

Ritgerð þessi er heimildaritgerð og er hún lokaverkefni til BA gráðu í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands. Leiðbeinandi minn var Hrefna Ólafsdóttir og vil ég færa henni mínar bestu þakkir fyrir aðstoðina. Þá vil ég þakka vinkonu minni, Jóhönnu Maríu Ævarsdóttur og frænda mínum Rósanti Frey Birgissyni fyrir yfirlestur ritgerðarinnar og gagnlegar ábendingar. Einnig vil ég þakka minni nánustu fjölskyldu fyrir stuðningin sem þau hafa sýnt mér í gegnum námið. Að lokum vil ég þakka litlu drengjunum mínum Aroni Erni og Vali Þór fyrir að vera yndislegir við mömmu sína á meðan hún eyddi löngum tíma og vinnu í námið.

Efnisyfirlit

Inngangur	4
1. Skilnaðir	5
1.1. Aðdragandi skilnaða	5
1.2. Að taka stóra skrefið	6
1.3. Skilnaðartíðni á Íslandi	7
2. Forsjá	9
2.1. Sameiginleg forsjá	9
2.2. Dómarameild.....	11
2.3. Sáttumleitan	11
3. Viðbrögð barna við skilnaði	13
3.1. Börn á aldrinum 0-2 ára	13
3.2. Börn á leikskólaaldri, 2-5 ára.....	14
3.3. Börn á fyrstu skólaárunum, 6-8 ára	14
3.4. Börn á miðjum barnsaldri, 9-12 ára	15
3.5. Unglingsárin	17
4. Áhrif skilnaða á börn	19
4.1. Líðan og reynsla barna eftir skilnað.	19
4.2. Langtímaáhrif	19
5. Stofnun stjúpfélsskyldu	22
5.1. Þróunarferill tvíkjarnafjölsskyldunnar	24
6. Starf félssráðgjafa og leiðir til úrbóta	26
6.1. Starf félssráðgjafa	26
6.2. Kerfiskenningin.....	26
6.3. Leiðir til þess að minnka áhrif skilnaða á börn.....	27
7. Umræða og niðurstöður	29
Heimildaskrá	31

Inngangur

Skilnuðum hefur fjölgað mjög í samfélaginu á síðustu árum og áratugum og mikill fjöldi íslenskra barna þarf að upplifa skilnað foreldra sinna ár hvert. Skilnaður þykir minna tiltökumál en áður var og ekki eins erfitt að taka það stóra skref að skilja. Skilnaður er þó alltaf viðkvæmt viðfangsefni sem snertir tilfinningar margra einstaklinga. Í þeim tilfellum þegar viðkomandi hafa eignast börn saman, verður skilnaðurinn miklum mun flóknari, því skilnaður foreldra getur haft djúpstæð áhrif á börnin. Margir foreldrar draga það gjarnan í lengstu lög að skilja og reyna mikið til þess að bjarga hjónabandinu vegna barnanna. Foreldrar hafa skiljanlega áhyggjur af því hvernig börnin muni taka skilnaðinum og hvaða áhrif hann geti haft á börnin.

Markmiðið með þessari ritgerð er að fjalla um skilnað foreldra og áhrifin sem hann getur haft á börnin. Einnig verða kannaðar leiðir til hjálpar til þess að skilnaðurinn hafi sem minnst áhrif á börnin. Rannsóknarspurningar eru: Hvaða áhrif hefur það á börn að ganga í gegnum skilnað með foreldrum sínum? Hvað er hægt að gera til þess að koma í veg að skilnaðurinn hafi neikvæð áhrif á börnin?

Annar kafli ritgerðarinnar fjallar almennt um skilnaði og hversu erfiður og sársaukafullur aðdragandi skilnaðar getur verið. Einnig verður fjallað um skilnaðartíðni hér á landi og á Norðurlöndunum. Í þriðja kafla verður fjallað um forsjá , hvað felst í sameiginlegri forsjá, sáttaumleitan og sérfræðiráðgjöf. Í fjórða kafla verður fjallað um viðbrögð barna eftir skilnað, en þau geta verið mismunandi eftir aldri þeirra. Í fimmta kafla segir frá áhrifum skilnaðar á börn, reynslu þeirra eftir skilnaðinn og þeim langtímaáhrifum sem hann getur haft á þau. Rýnt verður í rannsókn sem fjallar um fullorðið fólk sem upplifði skilnað foreldra sinna, en rannsóknin var gerð 20 árum eftir skilnaðinn. Sjötti kafli greinir frá stofnun stjúp fjölskyldu. Að stofna nýja fjölskyldu með nýjum maka getur verið erfitt tilfinningalega, fyrir alla fjölskyldumeðlimi. Fjallað verður um þróunarferil tvíkjarnafjölskyldunnar sem Margaret Newman hannaði. Í sjöunda og síðasta kafla ritgerðarinnar verður sagt frá starfi félagsráðgjafa og fjallað um kerfiskenninguna, en við hana styðjast félagsráðgjafar gjarnan þegar þeir vinna með fjölskyldur, til dæmis við skilnað. Greint verður frá leiðum til úrbóta og hvernig hægt sé að fyrirbyggja það að börn skaðist alvarlega vegna skilnaðar. Að lokum fer fram umræða og niðurstöður eru dregnar saman.

1. Skilnaðir

Skilnaði er hægt að skilgreina á töluvert mismunandi hátt. Skilnaður getur verið tímabundinn aðskilnaður, en þá flytur annar einstaklingurinn oftast út af heimilinu. Tilgangurinn er oft sá að ákveða hvert næsta skref skuli verða. Skilnaður er lögbundinn, þar sem hjón þurfa að sækja um skilnað til yfirvalda og í sumum samfélögum er skilnaður óformlegur samningur á milli giftra einstaklinga, þar sem trúarbrögð leyfa ekki skilnað (Benokraitis, 2009).

Tíðni skilnaða er meiri í nútímanum en á árum áður. Ef skoðaðar eru heimildir um skilnaði, þá ná þær langt aftur í tímann. Um aldamótin 1900 var tíðni skilnaða á Norðurlöndunum um það bil 1%. Þegar líða tók á síðustu öld fór skilnuðum að fjölga á meðal vestrænna þjóða (Sigrún Júlíusdóttir, 2001). Hér á landi hefur orðið töluverð aukning á skilnuðum en þeim fjölgaði þó heldur seinna en hjá nágrannaþjóðum, þar sem þeir náðu hámarki um árið 1975. Eftir það hefur tíðnin haldist frekar jöfn, það er um þriðjungur hjónabanda lýkur með skilnaði (Sigrún Júlíusdóttir og Jóhanna Rósa Arnardóttir, 2008). Á árinu 2010 var skilnaðarhlutfallið hér á landi 38% og er þá átt við lögskilnaði og sambúðarslit (Hagstofa Íslands, 2011).

Skilnaði fylgir oftast mikill sársauki og fram koma erfiðar tilfinningar, jafnvel það erfiðar að fólk hefur ekki upplifað slíkan sársauka áður. Eins og gefur að skilja, þá hlýtur það að vera erfitt að segja skilið við manneskju sem hefur verið mikilvægur hluti lífsins í langan tíma. Að skilja getur tekið mislangan tíma og einnig haft mismunandi afleiðingar fyrir líðan fólks. Skilnaður þarf aftur á móti ekki alltaf að vera af hinu illa og mestu máli skiptir að fólk nái að jafna sig og að takast á við lífið og tilveruna aftur.

Í þessum kafla verður fjallað um aðdraganda og ákvörðun um skilnað. Skoðuð verður skilnaðartíðnin hérlendis og erlendis.

1.1. Aðdragandi skilnaða

Upphaf skilnaðar hefst yfirleitt heima fyrir og hafa rannsóknir sýnt að um helmingur hjóna, sem tekur ákvörðun um það að skilja, hefur átt í miklum og alvarlegum rífrildum áður en sótt er um skilnað (Wallerstein og Kelly, 1980). Ástæður skilnaðar geta verið margar og yfirleitt er ekki um einn atburð að ræða sem veldur skilnaði, heldur á hann sér einhvern aðdraganda. Stundum er sá aðdragandi margir mánuðir eða jafnvel mörg ár. Oft er vandinn í hjónabandinu hulinn öðru hjónanna eða jafnvel báðum og hjónin hafa ekki gert sér grein fyrir því hvert hjónabandið stefndi. Báðir aðilarnir vita jafnvel að komið er í óefni, en

hvorugur þeirra getur tjáð sig um möguleg endalok. Oft ríkir mikil spenna og óróleiki fyrir skilnaðinn sem lýsir sér í ósætti og rifrilda á milli hjóna. Hjón eiga þá oftast en ekki í erfiðleikum með svefn og eyða löngum tíma í samræður um vandann og hvernig sé hægt að leysa hann. Slíkt ástand getur orðið til þess að heimilishald mætir afgangi og einnig geta einstaklingarnir átt í erfiðleikum með einbeitingu í vinnunni (Álfheiður Steinþórsdóttir og Guðfinna Eydal, 2001). Skilnaður á sér margvíslegar ástæður og oft koma upp alvarlegir atburðir á milli hjóna, eins og ofbeldi, átök, hatur, fjarlægð eða ástleysi. Erfið svik, eins og framhjáhald, geta verið ástæða skilnaðarins. Einnig önnur svik eða vanvirðing. Í sumum tilfellum fjarar sambandið hreinlega út, án þess að nein sérstök átök eða ástæða sé fyrir hendi og á endanum leita hjónin sér útkomuleiða úr hjónabandinu. Þegar þar ákveður að giftast dettur því sjaldnast í hug að til skilnaðar muni koma og virðist það oft koma fólki á óvart hve erfiður skilnaður getur orðið. Þegar ákvörðun um skilnað hefur verið tekin og hann gengin í garð, geta brotist út erfiðar tilfinningar, eins og söknuður, gremja og einmannaleiki (Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir, 2000. Álfheiður Steinþórsdóttir og Guðfinna Eydal, 1993).

1.2. Að taka stóra skrefið

Hér á landi voru 563 skilnaðir árið 2010 (Hagstofa Íslands, 2011). Af þeim tölum má sjá að margir ganga í gegnum hjónaskilnað árlega og í kjölfarið ganga mörg börn í gegnum þá lífsreynslu með foreldrum sínum. Með tímanum hafa orðið breytingar á hugsunarhætti fólks varðandi skilnaði, því nú á dögum er litið mun jákvæðari augum á skilnaði en áður. Ekki er álitnið siðferðislega rangt að skilja, ef hjónin hafa ríka ástæðu fyrir skilnaðinum. Algengt er að hjón taki það stóra skref að skilja ef þau finna ekki lausn á vandamálum sínum og hefur fagfólk í samfélaginu bent á að það sé orðið nokkuð venjulegt að fólk vilji skilnað. Því er það orðið þannig í nútíma samfélagi að einstaklingar líta jafnvel á skilnað sem breytingu á lífi sínu og jákvæða breytingu ef hjónabandið var orðið verulega slæmt (Benedikt Jóhannsson, 2004). Þegar hjónaband er orðið það slæmt að endurteknar deilur eru á milli hjóna, er það ekki talið gott fyrir börnin að foreldrarnir haldi í vonlaust hjónaband þeirra vegna, því slíkt bitnar augljóslega á þeim. Ómögulegt getur reynst að leyna börn því, þegar upp koma breistir í hjónabandi. Þau geta verið fljót að skynja andrúmsloftið en tjá sig ekki um það. Líðan þeirra brýst oft út löngu áður en skilnaðurinn gengur í garð og því er mikilvægt fyrir einstaklinga sem eru í skilnaðarhugleiðingum að fara þá leið sem veldur minnstum sársauka fyrir alla

fjölskyldumeðlimi. Skilnaður er slæmur þegar annar aðilinn vill skilnað og sýnir maka sínum óvirðingu og óásættanlega hegðun. Framkoma aðilans sem biður um skilnað skiptir einnig miklu máli, því það fylgir alltaf mikil vanlíðan í kjölfarið. Sérstaklega ef aðilinn hefur ekki rætt óánægju sína um hjónabandið og skilnaðurinn kemur hinum í opna skjöldu. Skilnaður er afar viðkvæmt umræðuefni og ekki er hægt að segja hvernig hinn fullkomni skilnaður ætti að vera, því oftast er að minnsta kosti annar aðilinn ósáttur við hann. Það er þó hægt að vanda sig og vera vel undirbúinn til þess að ganga vel frá málunum. Ef parið vandar sig í þessum erfiðu aðstæðum, eiga þau betri von í framtíðinni um góða samvinnu þegar kemur að börnum þeirra (Álfheiður Steinþórsdóttir og Guðfinna Eydal, 2001).

1.3. Skilnaðartíðni á Íslandi

Eins og áður sagði, þá er hægt að skilgreina skilnað á nokkuð ólíkan hátt og getur hann verið tímabundinn og stundum endanlegur. Misjafnt er eftir samfélögum hvernig skilnaður er skilgreindur, en í sumum samfélögum er hann óformlegur samningur á milli aðila í hjónabandinu, þar sem trúarbrögð þeirra leyfa ekki skilnað, en í öðrum samfélögum þarf að sækja um skilnað til yfirvalda.

Þegar leið á 20. öldina jókst tíðni skilnaða á Vesturlöndum mjög. Hér á landi hafa skilnaðir verið þekktir síðan á miðöldum. Þeir voru reyndar ekki algengir heldur voru þeir frekar yfirstéttarfyribæri. Skilnaðir voru til dæmis lítið þekktir á 16. öld og fram á 19. öld (Sigrún Júlíusdóttir, Friðrik H. Jónsson, Nanna K. Sigurðardóttir og Sigurður J. Grétarsson, 1995). Hér á landi var hlutfallið að meðaltali 35% á árunum 2001-2003. Skilnaðartíðnin jókst frá 4,4 af hverjum 1.000 hjónum árin 1951-1955, í 10,5 af 1.000 hjónum árin 1981-1985. Þetta þýðir tvöföldun á skilnaðartíðni á þessum 35 árum (Benedikt Jóhannsson, 2004).

Um 1970 var aukning skilnaða hvað mest og náði hún hæstu hæðum um 1990, því þá var tíðni skilnaða 11,2 til 11,6 af 1.000 hverjum hjónum, og í nokkur ár í röð var hlutfall lögskilnaða af hjónavígslum yfir 40% (Benedikt Jóhannsson, 2004). Sama ár gerðist það að giftingatíðni náði sögulegu lágmarki er hún fór niður í 4,5 á hverja 1.000 íbúa (Hagstofa Íslands, 2007).

Það dró úr tíðni skilnaða árið 1994 og var það í fyrsta sinn eftir síðari heimsstyrjöld. Á sama ári varð 7,5% fjölgun á hjónavígslum frá árinu áður. Það taldist til tíðinda vegna þess að hjónavígslum hafði farið fækkandi flest ár frá því um 1975 (Benedikt Jóhannsson, 2004).

Síðan gerðist það á árinu 2000 að tíðni hjónavígslna jókst í 6,3 af hverjum 1.000 íbúum. Það virtist sem mörgum þörum hafi fundist heppilegt að gifta sig á aldamótunum. Á árunum 2002 og 2003 voru 10,7 lögskilnaðir á hver 1.000 hjón (Benedikt Jóhannsson, 2004).

Hér á landi gengu 1.681 pör í hjónaband árið 2006 og sama ár voru 498 lögskilnaðir. Tíðni giftinga árið 2006 var 5,5 á hverja 1.000 íbúa. Giftingartíðni hefur hækkað á undanförunum áratugum en skilnaðartíðnin hefur samt sem áður staðið í stað. Undanfarna áratugi hefur 36% hjónabanda endað með skilnaði og tíðni skilnaða hækkaði úr um það bil 1 í 2 á hverja 1.000 íbúa á 8. áratug 20. aldar, en hefur verið um 2 á hverja 1.000 íbúa eftir það (Hagstofa Íslands, 2007).

1.708 pör gengu í hjónaband á árinu 2007 og 1.642 pör árið 2008. Lögskilnaðir árið 2007 voru 515 og á árinu 2008 voru þeir 549 (Hagstofa Íslands, 2008, 2009). Skilnaðartíðni árið 2008 var 1,7 á hverja 1.000 íbúa og að meðaltali entust hjónabönd á árinu 2008 í 12,1 ár (Hagstofa Íslands, 2009).

Það voru færri sem giftu sig árið 2009 eða 1.408. Þau hjónabönd sem enduðu með skilnaði á árinu 2009 höfðu að meðaltali enst í 13,3 ár (Hagstofa, 2010).

Þegar litið er á skilnaðarhlutfall á Norðurlöndunum árið 2009, var hlutfallið lægst á Íslandi eða 5,1 á hverja 1.000 íbúa. Hlutfallið var hæst í Svíþjóð eða 7 á hverja 1.000 íbúa. Því næst koma Danir með 6,9, Finnar með 6,8 og Noregur 5,7 (Nordic Council of Ministers, 2010). Nýjasta skýrsla Nordic Council of Ministers (2011) kom út í nóvember 2011 og þar er miðað við hagtölur Norðurlandanna 2010. Þær tölur sýna að skilnaðartíðni í Svíþjóð hefur farið hækkandi og er nú 7,4 á hverja 1.000 íbúa. Hér á landi hækkaði skilnaðartíðnin upp í 5,2 á hverja 1.000 íbúa. Fjöldi hjónabanda var 1.547 og eins áður segir var fjöldi skilnaða 563 á árinu 2010. Þessar tölur eru mjög svipaðar tölum Hagstofunnar árið 2010, en þar segir að skilnaðarhlutfall héraendis hafi verið 38% þegar talin eru saman lögskilnaðir og sambúðarslit (Hagstofa Íslands, 2011).

2. Forsjá

Hugtakið forsjá þýðir að foreldrar hafa rétt og skyldur til þess að ráða yfir persónulegum högum barns síns og einnig hafa þau rétt til þess að ákveða hvar barnið muni búa. Foreldri sem hefur forsjá yfir barni er fjárhaldsmaður þess samkvæmt 2. mgr. 51. gr. lögum nr. 71/1997. Forsjá barns felur það einnig í sér fyrir foreldrið að það skuli vernda barnið sitt gegn ofbeldi sem og að sýna barninu þá ást og umhyggju sem það þarfnast og annast það eins og best verði á kosið. Foreldrum er einnig skylt að hafa samráð við barnið þegar teknar eru ákvarðanir sem varða það, eftir því sem aldur og þroski þess segja til um (Sigríður Logadóttir, 2003).

Þegar barn fæðist í heiminn, þá á það skilið að hugsað sé vel um það og því sýnd ástúð og umhyggja, eins og fram hefur komið, og hvert mannsbarn hefur rétt á forsjá foreldra sinna, annars eða beggja. Foreldrar sem eru í hjúskap eða í skráðri sambúð fara saman með forsjá yfir barni sínu. Hins vegar er það þannig að ef móðir barns er hvorki í hjúskap né í skráðri sambúð, þá fer hún ein með forsjá yfir barninu (Sigríður Logadóttir, 2003).

2.1. Sameiginleg forsjá

Hugtakið sameiginleg forsjá kom fyrst til tals í upphafi 20. aldar og það var Kaliforníufylki í Bandaríkjunum sem þróaði löggjöfina um sameiginlega forsjá árið 1961. Á Norðurlöndunum voru það Svíar sem fyrst heimiluðu sameiginlega forsjá árið 1976, en það varð ekki að meginreglu fyrr en 15 árum síðar. Hin Norðurlöndin fylgdu fast á eftir og í Noregi voru sett lög um sameiginlega forsjá árið 1981 og í Danmörku árið 1985. Íslendingar voru síðastir Norðurlandabjóðanna til þess að lögfesta ákvæði um sameiginlega forsjá, því mikillar tregðu gætti við innleiðingu laganna. Það var ekki fyrr en árið 1992 sem ákvæðinu um sameiginlega forsjá var bætt inn í 3. mgr. 32. gr. barnalaga nr. 76/2003 (Davíð Þór Björgvinsson, 1995).

Sameiginleg forsjá varð að meginreglu hér á landi árið 2006, en í 31. gr. barnalaga 76/2003 segir: „Foreldrar fara sameiginlega með forsjá barns síns eftir skilnað og slit sambúðar sem skráð hefur verið í þjóðskrá nema annað sé ákveðið. Foreldrar skulu ákveða hjá hvoru þeirra barn skuli eiga lögheimili og þar með að jafnaði fasta búsetu“

Sameiginleg forsjá þýðir ekki að barn hafi jafna búsetu hjá báðum foreldrum og því þurfa þau að ákveða í sameiningu hvernig umgengni við það foreldri sem barnið hefur ekki lögheimili hjá skal háttað. Ef upp kemur ágreiningur varðandi umgengni sem foreldrarnir

geta ekki leyst af sjálfsdáðum, er hægt að leita til sýslumanns og hann úrskurðar hvernig umgengni skal háttáð (Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2006).

Samkvæmt 1. mgr. 53 gr. barnalaga segir: Skyld er foreldrum, báðum saman og hvoru um sig, að framfæra barn sitt (Barnalög nr. 76/2003). Í Barnalögnum segir einnig að framfærslu barns skuli hagað með hliðsjón af högum foreldra og þörfum barns. Það foreldri sem barnið hefur ekki lögheimili hjá hefur fjárhagslegar skyldur gagnvart barni sínu og þarf að greiða hinu foreldrinu meðlag, eða eins og segir í 3. mgr. 56. gr. barnalaga nr. 76/2003: „Meðlag skal ákveða með hliðsjón af þörfum barns og fjárhagsstöðu og öðrum högum beggja foreldra, þar á meðal aflahæfi þeirra“. Einnig er heimild samkvæmt lögnum að útskurða þann sem er meðlagsskyldur til þess að inna af hendi sérstakt framlag vegna útgjalda við skírn barns, fermingu, gleraugnakaup, tannréttingar, vegna sjúkdóms, greftrunar eða af öðru sérstöku tilefni (Barnalög nr. 76/2003).

Þegar forsjá er sameiginleg, er foreldrum ekki heimilt að fara úr landi með barnið nema með samþykki hins foreldrisins. Foreldrar geta ekki tekið upp á því að fara til að mynda í sólarlandaferð með barnið sitt nema með samþykki hins foreldrisins, því í 1. mgr. 51. gr. barnalaga nr. 76/2003 segir:

Nú á annað foreldra umgengnisrétt við barn og má hitt foreldra þá eigi flytjast með barnið úr landi nema því foreldri sem umgengnisréttinn á sé sannanlega tilkynnt um fyrirhugaðan brottflutning með minnst 30 daga fyrirvara. Verði foreldrar ekki sammála um hvernig þá skuli skipa umgengni má bera mál undir sýslumann til úrskurðar. Flýta skal meðferð málsins.

Það má ekki gefa út vegabréf barns nema með leyfi beggja foreldra, eins og segir í 4. gr. í lögum nr. 136/1998 (Davíð Þór Björgvinsson, 1995).

Þegar um sameiginlega forsjá er að ræða og annað foreldrið andast, þá fellur forsjáin sjálfkrafa til hins forsjárforeldris. Ef forsjáin er í höndum annars foreldrisins og ef það er ekki í skráðri sambúð né hjónabandi, þá færast forsjáin einnig sjálfkrafa til hins foreldrisins (Barnalög nr. 76/2003). Hins vegar ef foreldrið sem hefur forsjána hefur verið í skráðri sambúð eða hjúskap og sambúðin hefur staðið lengur en í 12 mánuði þá fer forsjáin til stjúpforeldrisins. Því má breyta ef það er talið barninu fyrir bestu, með samningi eða dómi. Ef báðir forsjárforeldrar andast, þá færast forsjáin til barnaverndaryfirvalda (Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2006).

2.2. Dómaraheimild

Með hugtakinu dómaraheimild varðandi forsjá mála er vísað til þeirra heimildar dómara að dæma foreldrum sameiginlega forsjá í slíkum málum. Heimild þessi er til staðar á hinum Norðurlöndunum og verður líklega lögleidd hér á landi von bráðar. Ef það gerist er ljóst að verið er að gjörbreyta núverandi fyrirkomulagi. Segja má að forsjármál hérlendis séu í raun og veru forsjásviptingarmál um leið, því dómurum hérlendis er einungis leyft að fela öðru foreldrinu forsjána, sem verður til þess að þeir þurfa oft að velja á milli tveggja jafn hæfra uppalenda sem eiga í deilum vegna forsjár barnsins síns. Það skýtur nokkuð skökku við að Ísland er eina Norðurlandþjóðin sem ekki er búin að samþykkja dómaraheimild, því sífjalöggjöf Íslendinga er um flest byggð á löggjöf hinna Norðurlandanna. Ef frumvarpið nær í gegn, verður það að teljast mikill sigur fyrir forsjárlausa foreldra og í rauninni alla Íslendinga.

Samkvæmt 1.mgr. 34. gr. barnalaga nr.76/2003 hefur dómari ekki heimild til þess að dæma sameiginlega forsjá. Honum ber skylda til þess að dæma annað hvort föður eða móður forsjána, út frá þeim forsendum sem hann telur barninu fyrir bestu. Hins vegar geta foreldrarnir gert með sér samkomulag þess efnis að forsjá skuli vera sameiginleg. Eins og fram hefur komið, er Ísland eina Norðurlandþjóðin sem leyfir ekki dómara að dæma sameiginlega forsjá (Dóms- og mannréttindaráðuneytið, 2010). Lögð hafa verið fram drög að frumvarpi um breytingu á barnalögum og breytingin hljómar svona:

Dómari getur ákveðið að annað foreldri geti fengið forsjá barns. Þá getur dómari ákveðið að kröfu foreldris að forsjáin verði sameiginleg ef dómari telur þær aðstæður fyrir hendi að slíkt geti þjónað hagsmunum barnsins. Ef dómari dæmir sameiginlega forsjá ber jafnframt að kveða á um hjá hvoru foreldra barn skuli eiga lögheimili (Dóms- og mannréttindaráðuneytið, 2010).

2.3. Sáttaumleitan

Hugtakið sáttaumleitan er notað hér á landi til þess að reyna að ná sáttum á milli forsjárdeiluforeldra, samkvæmt 33. gr. barnalaga nr. 76/2003. Sáttaumleitan er alfarið á vegum sýslumanns og nær ekki til dómstóla. Samkvæmt 33.gr. barnalaga segir:

Sýslumaður skal bjóða aðilum forsjár-, umgengnis- og dagsektarmála sérfræðiráðgjöf til að aðstoða þá við að finna lausn máls með tilliti til þess sem er barni fyrir bestu. Sá sem veitir ráðgjöf getur rætt við barn, sem mál varðar, telji hann það þjóna hagsmunum þess, enda séu forsjárforeldrar því samþykkir. Sýslumaður getur látið hjá líða að bjóða sérfræðiráðgjöf skv. 1. mgr. ef hann telur hana ónauðsynlega eða tilgangslausa. Þeim

sem veitir ráðgjöf skv. 1. mgr. er skylt að gæta þagmælsku um atriði er hann fær vitneskju um í starfi sínu eða vegna starfs síns og leynt skulu fara skv. 18. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Brot á þagnarskyldu varðar refsingu skv. XIV. kafla almennra hegningarlaga. Ráðherra getur sett nánari reglur um ráðgjöf skv. 1. mgr., svo og um tilhögun þjónustusamninga við þá sem annast slíka ráðgjöf.

Markmiðið með sérfræðiráðgjöfinni eða sáttaumleitan er að hjálpa foreldrum sem eru í deilum um forsjá og finna úrræði til þess að koma á samkomulagi um hana. Mikilvægt er að ná hagkvæmu og sveigjanlegu samkomulagi um skýra skipan mála í daglegu lífi eftir skilnað. Þegar miklar deilur eru á milli foreldra, þurfa foreldrarnir að láta átökin víkja fyrir samstarfi, því það þarf að hugsa um barnið og hvað er því fyrir bestu. Hér á landi er foreldrum ekki skylt að þiggja ráðgjöfina, eins og er til dæmis í Noregi, en aftur á móti er sýslumanni skylt að bjóða þeim hana. Ef sáttaumleitan skilar ekki þeim árangri að foreldrarnir nái að sættast, þá getur annað foreldrið stefnt hinu fyrir dóm og farið fram á fulla forsjá. Foreldrarnir þurfa að ákveða í sameiningu hvernig umgengni skal háttað við það foreldri sem barnið hefur ekki lögheimili hjá. Ef upp kemur ágreiningur um umgengni sem foreldrarnir geta ekki leyst af sjálfsdáðum, er hægt að leita til sýslumanns sem úrskurðar um hana (Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2006).

Noregur er eina Norðurlandþjóðin sem skyldar foreldra sem eiga börn á vissum aldri og vilja skilja til þess að fara í sáttamiðlun. Í hinum löndunum er sáttamiðlun ekki skylda samkvæmt lögum, en stendur samt sem áður til boða hjá sýslumanni sem úrræði til þess að leysa úr deilum (Barnelova no. 7:1981).

3. Viðbrögð barna við skilnaði

Börn bregðast misjafnlega við skilnaði og hefur aldur og þroski mikið um viðbrögðin að segja. Erfitt er að segja til um á hvaða aldurskeiði börn séu viðkvæmust fyrir skilnaði foreldra. Oft upplifa eldri börn mikið álag og spennu á milli foreldra fyrir skilnaðinn og þá getur það orðið ákveðinn léttir fyrir þau þegar skilnaðurinn gengur í garð. Meiri líkur eru þó á því að skilnaðurinn komi yngri börnum á óvart. Það getur valdið þeim töluverðum kvíða, því þau eru ekki eins undirbúin og þau eldri (Amato, 2000). Loks kemur það fram í samantekt að yngri börn og börn á kynþroskaskeiðinu séu sérstaklega viðkvæm fyrir þegar kemur að skilnaði foreldra og þá sér í lagi vegna minni tengsla við föðurinn (Stefanía Katrín Karlsdóttir, 2008).

Það er vitað að skilnaður foreldra er nánast alltaf mikil vonbrigði og kallar fram kreppuviðbrögð. Þrátt fyrir að börnin hafi séð foreldra sína ganga í gegnum erfiðleika, þá eru börnin sjaldan viðbúin skilnaði (Sigrún Júlíusdóttir o.fl., 1995). Eftir skilnað foreldra eru viðbrögð barna mismunandi. Það fer oft eftir þroska og aldri barna. Hér á eftir verður fjallað nánar um það hvernig börn á mismunandi aldri bregðast við skilnaði.

3.1. Börn á aldrinum 0-2 ára

Börn á aldrinum 0-2 ára hafa ekki nægilegan þroska til þess að átta sig á skilnaðinum. Líðan barna á þessum aldri snýst einkum um það hvernig þeim einstaklingi líður sem er að annast það. Ef foreldrinu sem annast barnið líður illa, til að mynda vegna skilnaðar, þá getur það ekki hugsað um barnið að sömu ástúð og umhyggju og það er vant. Barninu getur einnig farið að líða illa ef annað foreldrið hverfur skyndilega af heimilinu. Vanlíðan barnsins getur þá komið fram í gráti, svefntruflunum, og lystarleysi. Börn á þessum aldri verða oft stressuð, ergileg og tafir verða á þroska þeirra. Þau hafa mikla þörf fyrir ástúð og vilja eiga notanlegan tíma með foreldrum sínum. Þegar því foreldri sem annast barnið meira fer að líða betur og komast í meira jafnvægi út af skilnaðinum, þá fer barninu einnig að líða betur. Börn á þessum aldri eru háð öryggi foreldra sinna og umhverfi. Mikilvægt er því fyrir foreldrana að daglegt röt barnsins verði sem minnst (Benedikt Jóhannsson, 2004). Ef hugað er vel um börnin, þeim sýnt ástúð og umhyggja þá er hægt að fyrirbyggja neikvæðar afleiðingar. Í rannsókn sem var gerð þá var það mat foreldra að 93% yngstu barnanna sýni engin sál-líkamleg einkenni í kjölfar skilnaðar (Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir, 2000).

3.2. Börn á leikskólaaldri, 2-5 ára.

Börn á þessum aldri eiga erfitt með að tjá sig með orðum, þannig að líðan þeirra sést yfirleitt í einhvers konar atferli. Til að mynda geta börnin orðið pirruð, grátið mikið og kvartað. Oft gerist það að börnin þurfa mikið á foreldrum sínum að halda og hanga mikið í þeim og þola illa að sjá af þeim. Þetta á aðallega við það foreldri sem barnið býr hjá og er meira með. Börnin geta líka gefist upp á foreldri sínu og látið það alveg vera og ef þau verða vitni af foreldrum sínum rífast, þá draga þau sig oft til baka (Benedikt Jóhannsson, 2004).

Þetta eru viðbrögð við missinum. Börnin verða oft mjög hrædd um að missa hitt foreldri sitt líka. Í kjölfarið á missinum geta börn fengið martraðir og stundum draga börnin aftur úr í þroska sem sýnir sig í smábarnalegri hegðun. Þetta gerist ómeðvitað hjá börnunum út af örygginu sem þau hafa misst og til þess að fá athygli frá foreldrum sínum. Börnin geta farið að taka upp á því að missa saur og hland í buxurnar og jafnvel beðið um snuðið sitt aftur. Einnig gætu þau tekið upp á því að ráðast á systkinin sín eða stríða þeim. Börnin geta orðið skapstór og fengið skapofsaköst (Benedikt Jóhannsson, 2004).

Drengir á leikskólaaldri verða oft háværir, reiðir, og hreyfigjarnir. Stúlkur geta einnig tekið upp á þessum viðbrögðum, en þær bregðast oft þannig við að þær haga sér vel og leggja áherslu á það að vera vel til fara, til þess að vinna sér inn stig hjá fullorðnum. Stundum taka þær jafnvel upp á því að skamma önnur börn, eins og þær séu fullorðnar sjálfar (Benedikt Jóhannsson, 2004).

Börn á þessum aldri hafa mikið ímyndunarafl og mörkin á milli veruleika og ímyndunar geta verið óskýr. Börnin geta talið sér trú um það að skilnaðurinn sé þeirra sök og gerist það aðallega ef reiði og pirringur foreldranna beinist að barninu. Mikilvægt er að útskýra ítarlega fyrir börnunum hvaða breytingar séu í nánd og einnig þarf að segja þeim að skilnaðurinn sé ekki þeirra sök. Fyrst eftir skilnaðinn er mikilvægt fyrir börnin að fá umhyggju og líkamlega snertingu, því það er svo gott fyrir þau að finna að foreldrarnir elski þau enn, þrátt fyrir að þau séu hætt að elska hvort annað. Á þessum aldri hafa börn góða aðlögunarhæfni og eiga að getað jafnað sig á skilnaði foreldra sinna þegar öryggi og stöðugleiki er kominn aftur á í lífi þeirra (Benedikt Jóhannsson, 2004).

3.3. Börn á fyrstu skólaárunum, 6-8 ára

Rannsókn var gerð eftir Árna Einarsson og fjallaði hún um áhrif skilnaðar á börn. Tekið var viðtöl við börn á aldrinum tólf til átján ára. Börnin voru sex til tíu ára þegar skilnaðurinn átti

sér stað. Fram kom í rannsókninni að það neikvæðasta við skilnaðinn var að faðir þeirra flutti út af heimilinu. Samskipti við föður minnkaði með tímanum og fannst börnunum það leitt og ræddu þau um þörf sinna að vita fyrir fullvissu um ást og umhyggju feðra sinna (Sigrún Júlíusdóttir, Jóhanna Rósa Arnardóttir og Guðlaug Magnúsdóttir, 2008).

Þegar börn eru komin á þennan aldur er hugsun þeirra orðin raunsærri en áður. Þau gera sér grein fyrir fortíð, nútíð og framtíð. Fjölskyldan þeirra er þeim mjög mikilvæg og því er það þeim mikil ógnun ef þau heyra minnst á það að foreldrar þeirra séu að hugsa um skilnað og að fjölskyldan sé að splundrast. Í kjölfarið á skilnaðinum gæti farið að myndast kvíði fyrir framtíðinni. Þau vilja vita hvað sé að gerast og gott er að gefa þeim útskýringar, svo þau þurfi ekki að geta í eyðurnar. Það hefur virst vera svo að skilnaður foreldra sé hvað erfiðastur börnum á grunnskólaaldri, einkum börnum á aldrinum sex til átta ára og þá sérstaklega drengjum. Það er oft erfitt fyrir börn að byrja í skóla, því þar gengur þeim misvel og á þessum tíma eru þau viðkvæmari fyrir breytingum. Á þessum aldri þurfa börn mikið á foreldrum sínum að halda og drengir eru sérstaklega viðkvæmir fyrir að missa tengsl við feður sína (Benedikt Jóhannsson, 2004).

Þegar börn á þessum aldri lenda í því að foreldrar þeirra skilja, þá verða þau oft mjög döpur og gráta mikið. Þau eiga erfitt með að vera mikið fjarri því foreldri sem flutti af heimilinu og oft finnst þeim sem það foreldri hafi hafnað þeim. Drengir sakna föður síns oft mjög mikið. Börn halda oftast mikilli tryggð við það foreldri sem þau ekki búa hjá og reiðast því ekki, en fá gjarnan útrás fyrir gremju sína gagnvart foreldrinu sem þau búa hjá. Þau geta einnig fengið útrás fyrir gremjuna gagnvart öðrum börnum og getur það leitt til hegðunarvandamála í skólanum og gerist það oft hjá drengjum en stúlkum (Benedikt Jóhannsson, 2004).

Börn á þessum aldri eiga erfitt með að sætta sig við skilnað foreldra sinna og reyna oft að gera allt sem í þeirra valdi stendur til þess að koma í veg fyrir skilnað og reyna að koma foreldrum sínum aftur saman. Í kjölfarið geta börnin farið að haga sér fullorðinslega og gera þau það til þess að verja sig fyrir vanmáttartilfinningu. Þá geta þau farið að taka á sig meiri ábyrgð heldur en aldur þeirra gerir kröfu um (Benedikt Jóhannsson, 2004).

3.4. Börn á miðjum barnsaldri, 9-12 ára

Á þessum aldri eru börn orðin raunsærri og því meðvitaðri um það að þau hafa ekkert um skilnað foreldra sinna að segja. Aftur á móti eru þau orðin nógu þroskuð til þess að mynda

sér skoðun á þeim erfiðleikum sem foreldrar þeirra eru að glíma við. Þau geta orðið ósátt við foreldra sína ef þeim finnst þau ekki hafa reynt nóg til þess að komast í veg fyrir skilnaðinn. Þegar börn ala með sér slíkar hugsanir verða þau gjarnan leið og reið og oft beinist þessi reiði að því foreldri sem vildi fremur skilja (Benedikt Jóhannsson, 2004).

Á þessum aldri hafa börn oft mikla réttlætiskennd og taka sér gjarnan stöðu með öðru foreldrinu og eru ósátt við hitt foreldrið. Börnin dragast því oft inn í rífrildi, ásakanir og hefnd foreldra sinna. Því miður eru þeir alltof margir foreldrarnir sem draga börnin sín með sér inn í rífrildin. Oft bjóðast börnin til þess að gera eitthvað sem þau eru ekki hrifin af, til dæmis að flytja til annars foreldrisins, því þau vilja ekki að það foreldri búi eitt. Oft taka börn of mikla ábyrgð á sig, eins og til að mynda að gæta yngri systkina sinna mikið, taka að sér heimilisþrif og taka líðan foreldra sinna of mikið inn á sig. Það er algengara að stúlkur hagi sér svona.

Ef börnin verða mjög þreytt á vandræðum foreldra sinna, þá geta þau fjarlægst þau og leitað meira til vana sinna, sem skipta afar miklu máli á þessum aldri. Einnig geta þau leitað meira til einstaklinga sem eru þeim fyrirmyndir, eins og til dæmis kennara eða þjálfara. Þau eiga það til þess að demba sér í áhugamál sín til þess að gleyma vanlíðan sinni og leiðindunum í fjölskyldulífinu (Benedikt Jóhannsson, 2004).

Mörg börn eiga oft erfitt með að einbeita sér í skólanum þegar erfiðleikar eins og skilnaður foreldra eiga sér stað. Þeim líður illa, þjást af söknuði og eru reið. Hjá helmingi skilnaðarbarna dalar frammistaðan í skólanum. Kvíði er algengur á meðan skilnaðurinn á sér stað og líkamlegir verkir geta komið fram, en það er oft leið þeirra til þess að kalla á athygli og umhyggju frá foreldrum sínum (Benedikt Jóhannsson, 2004).

Á þessum aldri eiga drengir það til að sýna sterkari viðbrögð við skilnaðinum en stúlkur. Þeir eiga oft við hegðunarvandamál að stríða, bæði í skólanum og heima fyrir.

Meirihluti barna býr hjá móður sinni eftir skilnað og er það skiljanlega erfiðara fyrir drengina að taka móður sína til fyrirmyndar, þar sem hún er ekki af sama kyni og þeir. Sumir feður vanrækja börnin sín eftir skilnað og eiga drengir það til að finna til öryggisleysis um sjálfa sig og kynhlutverk sitt (Benedikt Jóhannsson, 2004).

Börn á þessum aldri hafa gott af því að fá að ræða skilnaðinn við foreldra sína. Það er mikilvægt fyrir foreldrana að leyfa börnunum að spyrja og reyna að svara eftir bestu getu og af skynsemi. Einnig getur verið gott fyrir börnin að ræða við aðra nána fjölskyldumeðlimi, eins og afa og ömmu. Mikilvægt er fyrir það foreldri sem börnin búa ekki hjá að taka virkan

þátt í lífi barnanna, eins og til að mynda að horfa á þau taka þátt í keppnisleikjum (Benedikt Jóhannsson, 2004).

3.5. Unglingsárin

Það er afar misjafnt hvernig unglingar bregðast við skilnaði foreldra sinna því einstaklingar bregðast mismunandi við aðstæðum sem þessum. Á þessum aldri eru þeir að takast á við miklar breytingar í lífi sínu. Unglingarnir eru að þroskast og verða sjálfstæðari einstaklingar. Þessi tími getur reynst þeim erfiður, því þeir eiga erfitt með aðlögunarhæfni og miklar breytingar á þessum aldri. Oft upplifa unglingar skilnaðinn þannig að þeim finnst foreldrar sínir vera að hafna sér. Sumir bregðast þannig við að þeir draga sig í hlé, leita frekar til vina, stofna stundum til ástarsambanda og jafnvel flytja að heiman. Þetta getur jafnvel leitt til þess að unglingar leiðist út í óreglu og drykkjuskap. Á þessum aldri eru tengslin við vini þeim afar mikilvæg og hafa þeir því oft miklar áhyggjur af því að þurfa að flytja í burtu frá vinum. Sumir unglingar draga sig til hlés, bæði frá fjölskyldu og vinum. Þeir verða þá oft áhugalausir, daprir og leiðast jafnvel út í sjálfsvígshugsanir. Einnig getur einbeitingarskortur, svefntruflanir og kvartanir um vanlíðan gert vart við sig (Benedikt Jóhannsson, 2004).

Sumir unglingar taka upp á því að vilja reyna að búa hjá báðum foreldrum, til þess að finna út hjá hvoru foreldrinu þau vilji fremur vera. Ef foreldrar þeirra deila, eiga unglingarnir auðvelt með að lenda á milli foreldranna sinna. Það getur reynst þeim erfitt. Þótt þeir séu að verða sjálfstæðir einstaklingar, þá þurfa þeir samt sem áður á foreldrum sínum að halda. Eftir skilnað hjá foreldrum lenda unglingar stundum í því að missa trúna á ástarsambönd og hafa áhyggjur af eigin samböndum við hitt kynið í framtíðinni (Benedikt Jóhannsson, 2004).

Unglingar standa þó oftast betur af sér skilnað foreldra sinna heldur en yngri börn, því þeir eru sjálfstæðari og hafa fleiri tengsl fyrir utan fjölskylduna, eins og góð vinabönd. Þeir hafa nú ekki eins mikla þörf fyrir umhyggju foreldra sinna. Sumir unglingar taka jafnvel gott stökk í þroska við skilnaðinn og búa sig betur undir framtíðina. Þessu fylgir samt sem áður ákveðin áhætta, því þeir gætu farið að haga sér eins og fullorðinn einstaklingur og tekið of mikla ábyrgð á sig gagnvart systkinum sínum. Það getur reynst erfitt fyrir unglinga ef foreldrarnir fara of geyst af stað út í nýja lífið, eins og til dæmis með því að stunda skemmtanalífið. Einnig verða unglingar mjög viðkvæmir gagnvart skilnaðinum ef framhjáhald foreldis átti í hlut í skilnaðinum (Benedikt Jóhannsson, 2004).

Ef hjónaband foreldranna hafði verið slæmt lengi og fjölskyldulífið litað af rífrildi, þá getur það verið talsverður léttir fyrir unglinginn þegar skilnaðurinn gengur í garð. Samt sem áður fá unglingar oft áfall þegar tilkynnt er um skilnaðinn. Því getur verið gott fyrir þá að fá góðan undirbúning, til dæmis með að segja þeim frá þeim erfiðleikum sem hafa verið í hjónabandi. Gott er fyrir unglunga að fá að ræða málin við foreldra sína, bæði um skilnaðinn og þær tilfinningar sem þeir eru að kljást við. Þá er mikilvægt að foreldrar virði óskir barna sinna, eins og til að mynda um búsetu og umgengni (Benedikt Jóhannsson, 2004).

Rannveig Guðmundsdóttir félagsráðgjafi gerði rannsókn sem fjallar um reynslu ellefu barna á aldrinum tíu til sautján ára af reynslu þeirra af skilnaði foreldra þeirra. Aðal niðurstaðan var sú að börnin voru illa undirbúin fyrir skilnaðinn og börnin upplifðu sig ein, valdalítill og engin stuðningur á bakvið þau á meðan ferli skilnaðarins stóð yfir. Börnin höfðu töluverðar áhyggjur að því hvort þau þyrftu að flytja, fara í annan skóla og fara frá vinum sínum. Það kom sýnilega fram í rannsókninni að börnin hafi upplifað sig valdalítill gagnvart framtíðinni og þeirra tilfinningar í skilnaðarferlinu lýstu sér í reiði, sorg, ótta, létti en þau fundu einnig fyrir tilfinningum á borð við vináttu, samúðar og ástar gagnvart foreldrum sínum (Sigrún Júlíusdóttir o.fl., 2008).

4. Áhrif skilnaða á börn.

Þegar fjallað er um áhrif skilnaðar á börn, verður að hafa í huga að enginn skilnaður er eins. Aðstæður barna og fjölskyldna þeirra eru mismunandi og þá sömuleiðis áhrif skilnaðar. Í þessum kafla verður fjallað um reynslu barna og líðan barna eftir skilnað. Einnig verður farið yfir það hver áhrif skilnaðar geta orðið til lengri tíma, það er allt fram á fullorðinsár og lengur.

4.1. Líðan og reynsla barna eftir skilnað.

Eins og flestir vita er skilnaður foreldra oftast mikið álag fyrir börn. Enginn skilnaður er þó eins og sumum börnum líður jafnvel betur eftir skilnaðinn, því eins og áður segir geta langvarandi átök og spenna verið undanfari skilnaðar.

Það kom í ljós í rannsókn sem var gerð að meirihluta barna vegnaði vel eftir skilnað foreldra sinna og sýndu niðurstöðurnar að um 80% skilnaðarbarna farnaðist vel, bæði andlega og félagslega. Ekki má þó gleyma því að 20% þeirra áttu í erfiðleikum eftir skilnað. Þá kom fram að um 38% barna sem höfðu upplifað skilnað oftast en einu sinni, áttu í töluverðum vanda. Aftur á móti áttu einungis 10% þeirra barna við vanda að stríða sem bjuggu hjá báðum blóðforeldrum (Benedikt Jóhannsson, 2004).

Rannsókn var gerð á nemendum í þriðja bekk framhaldsskóla sem tjáðu sig um viðhorf og reynslu af skilnaði foreldra sinna. Í rannsókninni kom fram að um þriðjungur svarenda hafði oft fundið fyrir leiða, viðkvæmni, gremju, vonbrigðum, skapofsa og átti erfitt með að einbeita sér. Þegar nemendurnir voru spurðir um líkamlega líðan, þá svöruðu 15% þeirra því til að þeir til dæmis borðuðu of mikið eða ættu við lysterleysi að stríða, þjáðust af svefntruflunum, fengju magaverki eða höfuðverki (Sigrún Júlíusdóttir o.fl., 2008).

Flest börn ná að venjast breyttum aðstæðum á einu til þremur árum. Ef ástandið er sérstaklega erfitt eftir skilnað, þá getur þetta tekið lengri tíma. Möguleiki er á því að skilnaðurinn hafi síðbúin áhrif, sem gætu komið í ljós seinna á lífsleiðinni, til að mynda á unglingsárunum og í tengslum við nán kynni af hinu kyninu (Benedikt Jóhannsson, 2004).

4.2. Langtímaáhrif

Langtímaáhrif skilnaða á börn hafa verið rannsökuð töluvert erlendis, en fremur lítið hér á landi (Benedikt Jóhannsson, 2004). Gerður hefur verið fjöldinn allur af rannsóknum sem hafa sýnt fram á það að skilnaðarbörn séu í áhættuhóp fyrir ýmiss konar vanda á fullorðinsárum.

Einnig sumir þeirra einstaklinga sem virðast hafa aðlagast skilnaðinum vel fyrstu árin, en svo koma áhrifin fram fullorðinsárum.

Börn fráskildra foreldra eiga oft við sálfræðileg vandamál að glíma, eins og þunglyndi, kvíða og lítið sjálfstraust. Stúlkur í þeim aðstæðum eru til dæmis líklegri til þess að eiga við þunglyndi að stríða en stúlkur sem hafa alist upp með báðum foreldrum. Drengir finna oft fyrir vonleysi og kjarkleysi. Ef slíkur vandi er til staðar á yngri árum, þá helst hann oft fram á fullorðinsár og lengur ef ekkert er að gert (Portnoy, 2008).

Rannsókn Ahrons (2007) sýndi fram á langtímaáhrif skilnaða á börn. Rannsóknin var gerð 20 árum eftir skilnað. Enda þótt langur tími væri liðinn og skilnaðarbörnin búin að eignast börn sjálf, þá skipti það þau enn miklu máli að foreldrum þeirra semdi. Stórfjölskyldan kemur gjarnan saman af ýmsum tilefnum, svo sem við afmæli, útskriftir, brúðkaup og fleira og flest allir vilja að báðir foreldrar taki þátt. Allir í rannsókninni sögðu að oft skapaðist erfitt ástand við svona viðburðum. Sumir sögðust segja foreldrum sínum að þeir væru ekki velkomnir nema að þeir höguðu sér vel. Aðrir buðu foreldrum sínum upp á von og óvon. Mörgum fannst þetta óþægilegt en vildu þó hvorugt foreldrið undanskilja. Í fjölskyldum þar sem mikill fjandskapur var á milli foreldra eftir skilnað, þá varð þó niðurstaðan samt stundum sú að börnin völdu annað foreldrið umfram hitt. Í sumum tilvikum var hvorugu foreldranna boðið (Ahorns, 2007).

Í rannsókninni kom einnig fram að þau börn sem áttu foreldra sem skildu í sæmilegri sátt, áttu betri samskipti við feður sína. 20 árum eftir skilnaðinn sögðu þau að sambandið við föður þeirra hefði orðið betra eftir skilnaðinn, yfir þriðjungur sagði að sambandið hefði versnað og um 12% sögðu að það hefði ekki orðið nein breyting á sambandi við föður þeirra. Þau börn sem töldu að sambandið hefði orðið betra og þau sem töldu að ekki hefði orðið nein breyting á, sögðu að þau hefðu notið góðs af því hve gott samband þau hefðu haft við föður sinn eftir skilnaðinn og að þeim þætti gott að faðir þeirra tæki þátt í lífi þeirra. Í þeim tilfellum þegar faðirinn tók lítinn þátt í lífi barna eftir skilnaðinn, þá versnaði sambandið sífellt meira (Ahrons, 2007).

Þær niðurstöður komu fram í rannsókninni að það skipti miklu máli hvernig samskiptum á milli foreldra væri háttað fyrstu árin eftir skilnað. Eins og áður hefur komið fram, þá löguðust samskiptin á milli barns og föður oft, en stundum voru þau óbreytt. Það sem skiptir mestu máli, ef samskipti á milli föður og barns eiga að haldast góð, er að foreldrarnir séu í góðu samskiptum varðandi tengsl við börnin. Ef sú er ekki raunin, þá eru áframhaldandi tengsl á

milli föður og barns í ákveðinni hættu. Móðir þarf að gæta orða sinna um föðurinn í eyru barnanna, því ef hún talar um hann á neikvæðan eða niðrandi hátt, þá getur það haft slæm áhrif á samskipti föður og barns í framtíðinni (Ahrons, 2007).

Ahrons heldur því fram að hjónaskilnaður eyðileggi ekki fjölskyldur, heldur endurskipuleggi þær. Hann segir að skilnaður sé ekki endilega slæmur fyrir börn, en ef sú verði raunin að einhverju leyti, þá verði foreldrarnir að gera sitt til þess að minnka streitu barnsins. Það sem mestu máli skipti, sé að foreldrar séu í góðri samvinnu og hafi stuðning hvors annars þegar kemur að uppeldi barnsins. Þegar góð samvinna næst á milli foreldranna, þá verða einnig betri tengsl og samskipti barnsins við ömmur og afa, stjúpfóreltra og systkini. Einstaklingunum í rannsókninni fannst mikilvægt að eiga gott samband við báða foreldrana og það skipti þau miklu máli að foreldrar þeirra töluðu ekki illa um hvort annað í þeirra návist (Ahorns, 2004, 2007).

5. Stofnun stjúp fjölskyldu

Í þessum kafla verður reynt að varpa ljósi á stjúp fjölskyldur. Bandaríska stofnunin National Stepfamily Resource Center rannsakar stjúp fjölskyldur. Skilgreining þeirra á stjúp fjölskyldum er sú að það sé þar þar sem annað hvort báðir aðilar eða einungis annar aðilinn komi með barn eða börn úr fyrri samböndum inn í nýja fjölskyldu. Því geti börn verið hluti af stjúp fjölskyldu, þó svo að þau búi ekki endilega hjá henni. Svo getur einstaklingur einnig verið hluti af tveimur stjúp fjölskyldum, ef báðir líffræðilegu foreldrarnir hefja nýja sambúð eða gifta sig (National stepfamily resource center, e.d.).

Upplifun af skilnaði er erfiður, eins og áður hefur komið fram, en það þýðir samt sem áður ekki að einstaklingar gefist upp á ástinni. Fólk finnur sér nýjan maka og áður en langt um líður langar því til þess að stofna fjölskyldu með nýju ástinni sinni. Stofnun stjúp fjölskyldu getur haft áhrif á marga aðila.

Stjúp fjölskylda er ein af mörgum fjölskyldugerðum og eru til mörg hugtök um slíka fjölskyldugerð (Valgerður Halldórsdóttir, 2006). Umræðan í samfélaginu um stjúp fjölskyldur er oft og tíðum svolítið neikvæð. Stjúp fjölskylda er jafnvel ekki talin eins „raunveruleg“ eins og hin hefðbundna fjölskylda (Benedikt Jóhannsson, 2004). Mörgum finnst orðið eða forskeytið „stjúp“ fela í sér neikvæðni og forðast jafnvel að nota það. Sumir kjósa að finna önnur orð eða heiti, eins og til að mynda „blönduð fjölskylda“, „sambúðarforeldrar“, „samsett fjölskylda“, „plastpabbar“, „pappamæður“ og „bónusbörn“ (Valgerður Halldórsdóttir, 2006). Stundum koma upp neikvæðar raddir sem segja að stjúpforeldrar séu ekki eins góðir og blóðforeldrar. Fólk verður stundum hugsað til ævintýrisins um vondu stjúpuna. Hugmyndir af þessu tagi geta gert stjúp fjölskyldum erfitt fyrir og eitt af verkefnum fjölskyldunnar er að vinna gegn slíku. Þegar vel tekst til þá líður stjúp fjölskyldum vel og ekkert síður en kjarnafjölskyldum (Benedikt Jóhannsson, 2004).

Við stofnun stjúp fjölskyldu skal hafa í huga að börn nýástfangna parsins eru ekki að svífa um á bleiku skýi, eins og foreldrarnir (Benedikt Jóhannsson, 2004). Börnin eiga stundum erfitt með að horfa upp á foreldri sitt ástfangið og sjá það hegða sér öðruvísi en áður. Samt sem áður verða þau ánægð ef þau sjá jákvæða breytingu á líðan foreldris síns, en á sama tíma er barnið afbrýðisamt og á erfitt með að höndla að það fær ekki jafn mikinn tíma með foreldri sínu og áður (Álfheiður Steinþórsdóttir og Guðfinna Eydal, 2001). Það tekur tíma fyrir börnin að aðlagast nýjum maka foreldri síns og þau hafa jafnvel neikvæðar tilfinningar til

makans. Einnig geta það verið mikil viðbrigði fyrir barn að þurfa aðlagast börnum makans (Benedikt Jóhannsson, 2004). Til að mynda getur aldursröðin breyst á heimilinu og það barn sem var yngst á heimilinu er það ekki lengur. Í kjölfarið breytast hlutverk barnanna á heimilinu þegar þau koma saman og getur það valdið ruglingi og togstreitu (Álfheiður Steinþórsdóttir og Guðfinna Eydal, 2001). Við svona breyttar fjölskylduaðstæður geta vaknað upp margar erfiðar tilfinningar. Börn verða jafnvel hrædd um það að foreldri sitt hætti að elska það jafn mikið, fyrst það er búíð að eignast nýjan maka. Í kjölfarið verða þau afbrýðisöm og reyna jafnvel að fara í samkeppni við makann um hylli foreldris síns. Þegar nýtt hálf systkini fæðist er barnið yfirleitt velkomið og það styrkir fjölskylduböndin. Það getur þó einnig gert hin börnin óörugg um sitt hlutverk í fjölskyldunni (Benedikt Jóhannsson, 2004). Það getur verið strembið fyrir barn að tengjast stjúppforeldri sínu, en viðbrögð foreldris geta skipt sköpum. Það kemur fyrir að fyrri maki geri í því að reyna eyðileggja tengslin á milli barnsins og nýja makans (Álfheiður Steinþórsdóttir og Guðfinna Eydal, 2001). Börn geta þá átt í erfiðleikum með samband sitt við stjúppforeldrið, því þeim finnst þau jafnvel vera að svíkja blóðforeldri sitt ef þeim líkar vel við stjúppforeldri sitt. Sérstaklega verður þessi togstreita áberandi vegna móður og stjúp móður. Ef barnið býr ekki hjá móður sinni, þá setur barnið sig jafnvel upp á móti stjúp móður sinni (Benedikt Jóhannsson, 2004).

Myndun stjúp fjölskyldna getur reynst erfitt verkefni. Ástæðan er meðal annars sú að einstaklingar lenda í þeim vanda að það eru ekki til föst hlutverk sem hægt er að ganga inn í. Hlutverk og tengslamyndum stjúp fjölskyldna er ekki sú sama í fyrstu fjölskyldunni og því getur reynst erfitt að stofna stjúp fjölskyldu. Það felur í sér gríðarlegar breytingar í lífi barna og þá reynir mikið á aðlögunarhæfni þeirra. Það er algengt að börnin sýni makanum og börnum hans mótþróa fyrst um sinn. Sérstaklega ef þau halda enn í þann draum að foreldrar þeirra taki saman aftur. Líf stjúp fjölskyldu fyrstu tvö árin einkennist oft af ójafnvægi, umbrotum og aðlögun. Það getur tekið lengri tíma að aðlagast nýrri stjúp fjölskyldu heldur en skilnaðinum sjálfum. Það getur tekið allt í fimm til sjö ár þegar um flóknar fjölskylduaðstæður er að ræða. Yngstu börnin eiga yfirleitt auðveldara með það að aðlagast nýju fjölskyldunni en stálpuð börn og unglingar, sem eiga það til að sýna mikinn mótþróa. Þau eiga oft erfitt með að sætta sig við makann og börnin hans. Unglingar á efri árum unglingskeiðsins eiga mikil samskipti við aðra en fjölskyldu sína, eins og til að mynda vini, og eiga því auðveldara með breytingarnar heldur en hin börnin (Benedikt Jóhannsson, 2004).

Hjá sumum börnum koma upp neikvæðar tilfinningar gagnvart því foreldri sem kom með óvelkominn samkeppnisaðila inn í líf þeirra. Sérstaklega á þetta við um unglingsstúlkur sem hafa þróað náið samband við mæður sínar á meðan þær voru einhleypar. Þegar móðir stofnar til nýs sambands, getur það leitt til þess að barnið fái minni tíma með móður sinni en áður og jafnvel misst það hlutverk sem það fékk eftir skilnaðinn. Á móti kemur að börn geta aðlagast með tímanum. Ef haldið er vel á spilunum og hlustað er á börnin, þá er líklegra að aðlögunin verði auðveld og sambönd við foreldra líklegri til þess að ganga vel (Cartwright, 2008).

Það getur verið erfitt bæði fyrir drengi og stúlkur fyrstu árin eftir stofnun stjúp fjölskyldu. Stálpaðar stúlkur eiga oft í vandræðum með það að venjast stjúp föður sínum, því þær eru oft nánari móður sinni og eiga það til að reyna ýta stjúp föður sínum frá móður sinni. Hins vegar njóta drengir oft góðs af því að eiga stjúp föður, því það er hollt fyrir þá að eiga fyrirmynd á heimilinu. Drengir sem eiga stjúp föður sem sýnir þeim umhyggju, ná því oft vel að aðlagast breyttum fjölskyldu aðstæðum (Benedikt Jóhannsson, 2004).

5.1. Þróunarferill tvíkjarnafjölskyldunnar

Margaret Newman skrifaði bók um stjúp fjölskyldur og segir hún að þau fari í gegnum fimm skref á leið sinni til þroska. Hjónasambandið er þó ávallt þungamiðjan í ferlinu (Álfheiður Steinþórsdóttir og Guðfinna Eydal, 2001). Hér verður fjallað um þau stig sem stjúp fjölskyldur ganga í gegnum við stofnun nýrrar fjölskyldu. Stigin sem fjölskyldan gengur í gegnum kallast draumórar, óvissa, átök, sameining og staðfesta.

Stig draumóra: Á þessu stigi hafa verðandi hjónin þann draum að stofna fjölskyldu og trú á því innilega að það verði ekki erfitt. Oft eru börnin þeirra ánægð með breytingarnar sem eru í vændum og hlakka til þess að eyða framtíðinni með stjúp systkinum. Á þessu stigi er parið ekki búin að kynnast hvort öðru til fullnustu og þekkir ekki ennþá galla og kosti hvors annars. Allir í fjölskyldunni reyna að sýna öðrum ást og umhyggju.

Óvissustig: Á þessu stigi fer parið að verða ósammála um ýmsa hluti og fólk að vakna upp úr draumórastiginu. Parið neitar að viðurkenna vandann en spennan eykst sífelld. Hveitibrauðsdagar parsins eru liðnir hjá og hversdagsleikinn kominn til þess að vera. Parið óttast að fjölskyldan nái ekki að samlagast og að ekki náist að bjarga fjölskyldunni. Vandamál hlaðast upp og ekki næst að leysa þau. Önnur vandamál munu koma upp síðar.

Átakastig: Á þessu stigi spretta upp tilfinningar eins og reiði og átök. Rifrildin skapa töluverða spennu, hvort sem parið fer leynt með það eða ekki. Á þessum tíma gerir fjölskyldan það upp við sig hvort til sambúðarslita eigi að koma, eða hvort eitthvað sé hægt að gera til þess að koma í veg fyrir það. Fjölskyldumeðlimir finna að þarfir þeirra eru ekki uppfylltar. Þeim finnst þeir ekki hafa fengið að upplifa sig sem einstaklingar, þar sem þarfir þeirra séu ekki teknar til greina. Í framhaldi af þessu eykst valdabarátta og samkeppni. Þetta aðgreiningarstig verður að yfirstíga og ekki er hægt að flýja það. Það verður að ræða saman og reyna leysa málin með samningum og markvissum aðgerðum. Ef fjölskyldan nær að leysa vandamálin og allir verða sáttir, þá getur hún sameinast á ný, annars ekki.

Sameiningarstig: Þegar fjölskyldan hefur náð að leysa þau átök sem áður höfðu verið, þá komast þau á þetta stig. Fjölskyldumeðlimir eru farnir að þekkja hvern annan og geta leyst þann vanda sem kemur upp. Upp kemur sú tilfinning hjá fjölskyldumeðlimum að þeir tilheyri fjölskyldunni og fjölskylduböndin verða sterkari. Allir í fjölskyldunni starfa saman og ef eitthvað fer úrskaiðis, þá er það lagað. Þetta þroskastig er mikilvægt og færir fjölskyldunni þá von að hún verði eins góð og í fyrstu.

Staðfestustig: Á þessu stigi verður léttir yfir því að erfiðleikarnir eru ekki lengur til staðar. Litið er bjartsýnum augum á framtíðina og einstaklingarnir í fjölskyldunni eru orðnir líkir sjálfum sér og höndla vel hver annan. Þeir kynnast betur og þekkja betur inn á hvorn annan. Vandamálin eru leyst jafnharðan og fjölskyldan styrkist og nú fyrst eru draumar hennar að rætast (Álfheiður Steinþórsdóttir og Guðfinna Eydal, 2001).

6. Starf félagsráðgjafa og leiðir til úrbóta

Í þessum hluta verður farið yfir starf félagsráðgjafa og sagt frá kerfiskenningunni. Einnig verður fjallað um það hve mikilvægt það sé að fræða foreldra um það hvernig best sé að standa að skilnaði og hvernig sé hægt að draga úr þeim neikvæðum áhrifum sem fylgja skilnaði á börnin þeirra, ásamt því að leiðbeina þeim um það hvernig ráðgjöf sé í boði.

6.1. Starf félagsráðgjafa

Mary Richmond er ein af aðalfrumkvöðlum félagsráðgjafarinnar. Hugmyndir hennar um félagsráðgjöf kom fram í greininni *Social Diagnosis* sem hún skrifaði árið 1918. Þar talar hún um það að félagsráðgjöfin sé faggrein og að mikilvægt sér að greina bæði persónuleika manns, tengsl og félagslegt umhverfi svo hægt sé að aðstoða viðkomandi við að hjálpa sér sjálfur (Hrefna Ólafsdóttir, 2006).

Frá upphafi félagsráðgjafar hefur verið sú hugmynd að nálgast beri starf félagsráðgjafar út frá heildarsýn. Heildarsýn er sú hugmyndafræði sem sýnir einstaklinginn sem sérstaka manneskju og að hann sé margbreytilegur. Það þurfi að horfa á manneskjuna og aðstæður hennar út frá mörgum sjónarhornum umhverfisins, eins og til að mynda út frá fjölskyldunni, vinum og vinnufélögum og í rauninni út frá samfélaginu í heild sinni. Því er mikilvægt að félagsráðgjafar vinni eftir sömu reglum, þó svo að það sé þörf fyrir aukna sérfræðipækkingu á sumum sviðum, eins og í fötlunar-, öldrunar- eða í barnaverndarmálum. Það sem verður að haldast í hendur innan félagsráðgjafarinnar er hið almenna og hið sérhæfða. Félagsráðgjafar þurfa að þekkja samfélagið og hvaða bjargir þar er að finna. Einnig þurfa félagsráðgjafar að þekkja kenningar um mannlega hegðun og skilja og að geta greint fólk og hvernig umhverfið hefur áhrif á hvort annað. Stór þáttur í félagsráðgjöfinni er hugmyndafræði um mannréttindi og félagsleg réttindi. Margir félagsráðgjafar líta á það sem hluta af faglegum verkefnum í starfi sínu sem félagsráðgjafa að taka þátt í félagslegum og pólitískum samtökum til þess að hafa áhrif á stefnumörkun og þróunina í samfélaginu (Lára Björnsdóttir, 2006).

6.2. Kerfiskenningin.

Kerfiskenningin er ein af kenningum félagsráðgjafar og á rætur sínar að rekja til líf- og stærðfræði. Kerfiskenningin útskýrir hvernig margir hlutir mynda eina heild, eitt kerfi, og hvernig mörg undirkerfi mynda svo nýtt heildarkerfi sem skarast, vinna saman og hafa gangvirk áhrif á hvert annað. Sem dæmi um þetta má nefna að við sem manneskjur erum

hluti af stærri kerfum eins og löndum, samfélögum og fjölskyldum (Beckett og Taylor, 2010). Þegar félagsráðgjafar nota kerfiskenninguna til þess að hjálpa fjölskyldum, þá er mikilvægt að huga að því að það ekki er hægt að hjálpa manneskju nema í tengslum við það mannlega kerfi sem hún er hluti af og hluti af þessu áhrifamikla kerfi er einmitt fjölskyldan (Hrefna Ólafsdóttir, 2006).

Hugmynd kerfiskenningarinnar gengur út á það að allar breytingar innan kerfisins hafi áhrif á allt kerfið. Þegar skilnaður verður, þá snertir hann ekki einungis maka, heldur hefur hann áhrif á alla í fjölskyldunni. Þegar breytingar verða í fjölskyldunni sem þarf að ganga í gegnum innan kerfisins, þá er það ekki einungis hlutverk einstaklingsins heldur heildarkerfisins að koma breytingunum á með ásættanlegum árangri. Þegar upp koma vandamál innan kerfisins, þá er það vandamál alls kerfisins. Þannig eru breytingar eða vandamál sem koma upp innan fjölskyldu ekki á ábyrgð eins einstaklings, heldur alls fjölskyldukerfisins (Beckett og Taylor, 2010).

6.3. Leiðir til þess að minnka áhrif skilnaða á börn

Börnin okkar eru það mikilvægasta og dýrmætasta sem við eigum og okkur ber að hugsa um þau eins og best verður á kosið. Hér verður rætt um leiðir til þess að minnka þær alvarlegu og neikvæðu afleiðingar sem börn geta orðið fyrir við skilnað.

Skilnaðarfræðsla er jákvæð leið foreldra til þess að minnka áhrif skilnaðar á börn sín. Gerð var eigindleg rannsókn um skilnaðarfræðslu. Markmiðið var að komast að því hvert gildi skilnaðarfræðsla hefði og hvernig skilnaðarfræðsla gæti stuðlað að sem minnstum neikvæðum áhrifum skilnaðar. Fram kom að foreldrum finnst erfiðast við skilnaðinn að hugsa til framtíðar barnanna. Ef mikil átök hafa verið á heimili í aðdraganda skilnaðar, getur það verið ákveðinn léttir fyrir börn þegar foreldrarnir skilja. Fram kom í rannsókninni að mikilvægt væri að fá fræðslu um skilnaðinn til þess að þarfir barnanna væru hafðar í fyrirrúmi. Einnig kom fram mikilvægi foreldrasamvinnu til þess að það væri sem auðveldast fyrir börnin að aðlagast breyttum aðstæðum. Það var vilji og styrkur foreldranna sem fékk þá til þess að taka á við skilnaðinn á jákvæðan hátt og til þess að samvinna næðist (Sigrún Júlíusdóttir o.fl., 2008). Þar sem mikil átök hafa verið á heimili skilnaðarbarna, þá getur skilnaðarráðgjöf með fræðslu, úrvinnslu, leiðsögn og stuðningi skipt sköpum fyrir börnin (Sigrún Júlíusdóttir, 1995).

Foreldrasamvinna skiptir sköpun fyrir hag barnanna og rannsóknir hafa sýnt fram á það að ef foreldrasamvinnan er góð og tengslin á milli foreldranna jákvæð, þá skilar það sér í betri líðan barnanna. Þau ná þá að aðlagast betur félagslega og ná einnig betri námsárangri. Einnig er mikilvægt fyrir foreldrana, eins og fyrr var sagt, að fá ráðgjöf um skilnaðinn, því þá fá þau hjálp við tilfinningalega úrvinnslu og í kjölfarið verður oft betri foreldrasamvinna (Sigrún Júlíusdóttir, 2001).

Á Norðurlöndunum er í boði þjónusta í tengslum við skilnaði og hérlandis hefur slík þjónusta þróast undanfarin ár. Það þarf öfluga félagsráðgjöf í slíkum málum. Sú ráðgjöf þarf fyrst og fremst að taka mið af afleiðingum skilnaða og lífsskeiðabreytinga (Sigrún Júlíusdóttir o.fl., 2008).

Stuðningur frá mikilvægum persónum í lífi barns er góð leið til þess að minnka áhrif skilnaðar á börn, því í kringum skilnað eru oft óleysta deilur og átök á milli foreldrana og í kjölfarið verður samvinnan á milli þeirra erfið. Þetta getur haft áhrif á samskipti þeirra, stundum einungis tímabundið en stundum til langframa. Þegar átök á milli foreldrana eru raunin, þá hafa þau ekki tíma og þrek til þess að vera stoð og stytta barnsins. Í þessari stöðu getur verið ómetanlegt fyrir barn að hafa góðan stuðning frá ættingjum og vinum, því barnið þarf að fá góðan stuðning frá einhverjum sem það þekkir og þykir vænt um það. Þegar góður stuðningur er frá ættingjum, eins og til að mynda frá ömmu og afa, þá líður barninu ekki eins illa og tekur skilnaðinn ekki eins nærri sér (Álfheiður Steinþórsdóttir og Guðfinna Eydal, 1995).

Börn tala sjaldan af fyrra bragði um skilnað foreldra sinna, sérstaklega ekki stálpuð börn, og því er mikilvægt fyrir foreldrana að láta skóla og leikskóla vita af skilnaðinum. Kennarar og leikskólakennarar barns eru mikilvægar persónur í lífi þeirra og því geta þeir verið ómetanlegur stuðningur fyrir börnin (Álfheiður Steinþórsdóttir og Guðfinna Eydal, 1995).

Þar sem samband á milli foreldra er slæmt, hefur leikskólinn oft verið notaður sem einhvers konar skiptistöð til þess að foreldrarnir þurfi ekki að hafa bein samskipti. Þetta er gert til þess að fækka þeim skiptum að barn verði vitni að þeim deilum sem eru á milli foreldrana. Skiptar skoðanir eru um þetta fyrirkomulagi, en engar rannsóknir hafa verið gerðar hvað þetta varðar (Kelly, 2007).

7. Umræða og niðurstöður

Markmiðið með ritgerð þessari var að leitast við að svara því hvaða áhrif skilnaður hefur á börn og hvað hægt sé að gera til þess að draga úr þeim neikvæðu áhrifum sem börn verða fyrir eftir skilnað foreldra þeirra.

Eins og fram hefur komið, geta áhrif skilnaðar á börn verið margvísleg, eins og leiði, viðkvæmni, gremja, skapofsi og þau geta átt erfitt með einbeitingu. Áhrifin geta einnig birst í ofáti, lystarleysi, svefnerfiðleikum, magaverkjum og höfuðverkjum. Stúlkur sem hafa gengið í gegnum skilnað foreldra sinna eiga það til að finna fyrir meira þunglyndi en stúlkur sem búa hjá báðum foreldrum. Drengir finna oft fyrir vonleysi og kjarkleysi þegar þjáning fjölskyldunnar er sem mest. Ef börn finna fyrir þunglyndi á barnsaldri, þá getur það fylgt þeim fram á fullorðinsár.

Langtímaáhrif geta verið flókin og erfið. Stundum koma áhrif ekki fram hjá börnum fyrr en síðar á lífsleiðinni. Skilnaður getur haft áhrif 20 árum seinna, eins og fram hefur komið. Á fullorðinsaldri geta komið fram vandamál vegna þess að foreldrunum kemur enn illa saman 20 árum eftir skilnað. Það verður til þess að börn þeirra geta lent í vandræðum þegar mikilvægir viðburðir eiga sér stað og þau vilja hafa báða foreldra hjá sér. Það er sorglegt að skoða rannsóknir sem sýna fram á það að foreldrar séu ennþá að deila svo mörgum árum eftir skilnað og geti ekki mætt á mikilvæga viðburði í lífi barna sinna.

Þau neikvæðu áhrif sem koma fram hjá skilnaðarbörnum má tengja við deilur á milli foreldra barnsins, þegar foreldrar ná ekki að gera upp tilfinningar sínar í garðs hvors annars og ná ekki að vinna saman að hagsmunum barna sinna. Þegar foreldrar setja sína eigin hagsmuni fram fyrir hagsmuni og velferð barnanna, þá færast neikvæðu áhrifin oft yfir á börnin. Ef þeir foreldrar sem eru í skilnaðarhugleiðingum vilja koma í veg fyrir neikvæð áhrif á börn sín, þá þurfa þeir fyrst og fremst að hugsa um velferð barnanna og hagsmuni barnanna. Því miður virðast þó börnin oft gleymast í skilnaðardeilum. Foreldrar þurfa að vinna í því að gera upp þær neikvæðu tilfinningar sem fylgja því oft þegar hjón skilja. Ef þau gera það ekki, þá er líklegt að það bitni á börnum þeirra. Þegar mikið er um deilumál á milli foreldra er algengt að þau noti leikskólann sem einhvers konar skiptistöð. Þá sækir faðirinn barnið á leikskólann í upphafi pabbahelgar. Móðirin er þá búin að fara með fötin og það sem við á í leikskólann. Síðan skilar faðirinn barninu aftur á leikskólann á mánudagsmorgni með

öllu hafurtaskinu. Þetta gera foreldrar svo þau þurfi ekki að hitta hvort annað. Það er með öllu óskiljanlegt að foreldrar haldi að svona tilhögun sé góð fyrir barnið.

Börnin okkar eru það mikilvægasta sem við eigum. Ef foreldrar geta ekki átt góða samvinnu um börn sín, þá er hægt að fara í skilnaðarráðgjöf. Í dag er skilnaðarráðgjöf í boði sem valkostur hér á landi. Æskilegt væri að taka hana hér upp sem skyldu, eins og er í Noregi, því skilnaðarráðgjöfin er gott úrræði fyrir foreldra sem vilja hafa hagsmuni barna sinna í fyrsta sæti. Samvinna foreldra er það sem dregur einna mest úr neikvæðum áhrifum skilnaðar á börn. Því er svo gríðarlega mikilvægt fyrir foreldra að gera upp tilfinningar í hvors annar garð og vinna sameiginlega að málefnum barna sinna, fara sameiginlega með forsjá þeirra og sýna hvort öðru sanngirni í sambandi við umgengni við börnin. Einnig yrði það mjög til bóta ef Ísland myndi fylgja hinum Norðurlöndunum og leyfa dómara að dæma sameiginlegt forræði. Það gerist því miður í okkar ágæta samfélagi í dag að það foreldri sem er með forsjána leyfi hinu foreldrinu ekki að umgangast börnin sín. Það er þar með ekki sagt að allir ættu að eiga skilyrðislausan rétt á því. Það væri þó mikið réttlætismál að dómari myndi fá það vald að meta hvað barninu væri fyrir bestu. Annað sem er mikilvægt fyrir foreldra að hafa í huga, er það að fara ekki of fljótt af stað og stofna til stjúp fjölskyldu. Börnin þurfa að fá sinn tíma fyrst, til þess að aðlagast skilnaði foreldra sinna.

Eins og fram kom í bókinni *Börn og Skilnaðir* eftir Benedikt Jóhannsson, þá var sýnt fram á það að meirihluti skilnaðarbarna endar sem fullorðnir heilbrigðir einstaklingar. Ef samvinnan er til staðar og foreldrarnir hugsa fyrst og fremst um velferð barna sinna og hagsmuni þeirra, er þó ljóst að hægt er að draga úr þeim neikvæðu áhrifum sem börnin verða oft fyrir.

Heimildaskrá

- Ahrons, C. R. (2004). *We're still family. What grown children have to say about their parents' divorce*. New York: HarperCollins Publisher.
- Ahrons, C. R. (2007). Family ties after divorce: Long-term implications for children. *Family Process*, 46(1), 53-65.
- Amato, P. R. (2000). The consequences of divorce for adults and children. *Journal of Marriage and the Family*, 62(4), 1269-1287.
- Álfheiður Steinþórsdóttir og Guðfinna Eydal. (1993). *Lífskeið fjölskyldunnar. Sálfræðibókin*. Reykjavík: Mál og menning.
- Álfheiður Steinþórsdóttir og Guðfinna Eydal. (1995). *Barnasálfræði, frá fæðingu til unglingsára*. Reykjavík: Mál og menning.
- Álfheiður Steinþórsdóttir og Guðfinna Eydal. (2001). *Sálfræði Einkalífsins*. Reykjavík: Almenna bókfélagið.
- Barnalög nr. 76/2003*.
- Barneleva no. 7: 1981*.
- Beckett, C. og Taylor, H. (2010). *Human Growth and Development*. London: Sage.
- Benedikt Jóhannsson. (2004). *Börn og skilnaður*. Reykjavík: Skálholtsútgáfan.
- Benokraitis, N. V. (2009). *Marriages and families: Changes, choices and constraints*. Upper Saddle River, NJ: Pearson, Prentice Hall.
- Cartwright, C. (2008). Resident parent-child relationships in stepfamilies. Í J. Pryor (ritstjóri), *The international handbook of stepfamilies. Policy and practice in legal, research, and clinical environments* (bls. 208-230). Hoboken, New Jersey. John Wiley & Sons, Inc.
- Davíð Þór Björgvinsson. (1995). *Barnaréttur*. Reykjavík: Bókaútgáfa Orators.
- Dóms- og Kirkjumálaráðuneytið. (2006). Forsjá. Sótt 4. Mars 2012 af:
http://www.innanrikisraduneyti.is/media/Utgafa/DKM_forsja.pdf
- Dómsmála- og mannréttindaráðuneytið. (2010). Drög að frumvarpi til breytinga á barnalögum. Sótt 4. mars af
http://www.innanrikisraduneyti.is/media/frumvorp/Drog_ad_frumvarpi_barnalog.pdf
- Hagstofa Íslands (2007). *Gifting, sambúðir og skilnaðir 2006*. Sótt 4. mars 2012 af
<http://www.hagstofa.is/?PageID=95&NewsID=2090>
- Hagstofa Íslands (2008). *Gifting, sambúðir og skilnaðir 2007*. Sótt 4. mars 2012 af
<http://www.hagstofa.is/?PageID=95&NewsID=3216>
- Hagstofa Íslands (2009). *Gifting, sambúðir og skilnaðir 2008*. Sótt 4. mars 2012 af
<http://www.hagstofa.is/?PageID=95&NewsID=3216>

- Hagstofa Íslands (2010). *Giftingar, sambúðir og skilnaðir 2009*. Sótt 4. mars 2012 af <http://www.hagstofa.is/?PageID=95&NewsID=5023>
- Hagstofa Íslands. (2011). *Lok hjúskapar og skilnaðir að borði og sæng 1951–2010*. Sótt 4. mars 2012 af <http://www.hagstofa.is/?PageID=2593&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=MAN06201%26ti=Lok+hj%FAskapar+og+skilna%F0ir+a%F0+bor%F0i+og+s%E6ng+1951%2D2010+++++%26path=../Database/mannfjoldi/Skilnadir/%26lang=3%26units=Fj%C3%B6ldi>
- Hrefna Ólafsdóttir. (2006). Börn og geðræn vandkvæði. Í Sigrún Júlíusdóttir og Halldór Sig. Guðmundsson (ritstjórar), *Heilbrigði og Heildarsýn* (bls. 111-127). Reykjavík: Háskóli Íslands.
- Kelly, J. B. (2007). Children's Living Arrangements Following Separation and Divorce: Insights From Empirical and Clinical Research. *Family Process*, 35-52.
- Lára Björnsdóttir. (2006). Heildrænt skipulag í heilbrigðis-og félagsþjónustu. Í Sigrún Júlíusdóttir og Halldór Sig. Guðmundsson (ritstj.). *Heilbrigði og heildarsýn. Félagráðgjöf í heilbrigðisþjónustu*. (49-58). Reykjavík: Háskóli Íslands.
- National stepfamily resource center. (e.d.). What is stepfamily? Sótt 30. Apríl 2012 af <http://www.stepfamilies.info/faq.php>
- Nordic Council of Ministers. (2010). *Nordic statistical yearbook 2010*. Copenhagen: Nordic Council of Ministers.
- Nordic Council of Ministers. (2011). *Nordic statistical yearbook 2011*. Copenhagen: Council of Ministers.
- Portnoy, S. M. (2008). The Psychology of Divorce: A Lawyer's Primer, Part 2: The Effects of Divorce on Children. *American Journal of Family Law*, 21, 126-134.
- Sigríður Logadóttir. (2003). Lög á bók: *Yfirlitsrit um lögfræði*. Reykjavík: Mál og Menning
- Sigrún Júlíusdóttir og Jóhanna Rósa Arnardóttir. (2008). Sameiginleg forsjá sem meginregla og íhlutun stjórnvalda. Rannsókn um sjónarhorn foreldra. *Tímarit lögfræðinga*, 58(4), 465-495.
- Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir. (2000). Áfram foreldrar. *Rannsókn um sameiginlega forsjá og velferð barna við skilnað foreldra*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Sigrún Júlíusdóttir, Jóhanna Arnardóttir og Guðlaug Magnúsdóttir. (2008). *Ungmenni og ættartengsl*. Reykjavík: Rannsóknarsetur í barna- og fjölskylduvernd og Háskólaútgáfan.
- Sigrún Júlíusdóttir, Nanna K. Sigurðardóttir, Friðrik H. Jónsson og Sigurður J. Grétarsson. (1995). Í Sigrún Júlíusdóttir (ritstj.). *Barnafjölskyldur - Samfélag - Lífsgildi - Mótun*. Reykjavík: Félagsmálaráðuneytið.
- Sigrún Júlíusdóttir. (2001). *Fjölskyldur við aldarhvörf*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

- Stefanía Katrín Karlsdóttir. (2008). *Aðskilnaður barns frá öðru foreldri sínu: Samantekt úr íslenskum rannsóknum*. Sótt 30. apríl 2012 af http://www.foreldrajafnretti.is/wpcontent/uploads/SKK_20081201_Adskilnadur_barns_fra_odru_foreldri_sinu_stytt.pdf
- Valgerður Halldórsdóttir. (2006). *Hvernig má efla velferð stjúpjölskyldna?* Reykjavík: Óbirt M.A. í félagsráðgjöf. Félagsvísindadeild Háskóla Íslands.
- Wallerstein, J. og Kelly, J. B. (1980). *Surviving the break-up: How children and parents cope with divorce*. New York: Basic Books.